

Áhrif söluskattshækkunarinnar:

Venjuleg fjölskyldu-
bifreið hækkar um
60 þúsund krónur

SÖLUSKATTSHÆKKUNIN, sem tók gildi í gær veldur talsverðri hækkun á ýmsum vörum. Morgunblaðið leitaði í gær upplýsinga um hækkunir á helztu heimilistækjum og bifreiðum og er hækkunin allt að 60 þúsund krónum. Þó bar þeim saman, sem Morgunblaðið talaði við, að á vörum nú væri algjört dagverð, þar sem gengisbreytingar væru dag frá degi og fyrirtæki, sem leystu jafnharðan út úr tollvörugæmslu gætu ekki gefið út verðskrár, því að þær úreltust á meðan skrárnar væru sendar í fjölritun. Af þessum sökum treystu menn sér ekki til að áætla, hvað t.d. 2% söluskattshækkun frá í desember hefði breytt verði vara til hækkunar.

Cortina-bifreið, sem kostaði fyrir helgi 4.570.000 krónur kostaði í gær 4.650.000 krónur og er hækkunin bæði vegna söluskattshækkunarinnar og gengisbreytinga. Söluskattshækkun er af því um 60 þúsund krónur. Söluþaður í Ford-umboðinu kvað algjöra dagprísa vera á bílum, vegna flóktandi gengis, sérstaklega þeirra sem fluttir væru inn á gengi Evrópuvaldmíðils. Til ríkisins renna nú af hverjum innfluttum bíl 90% tollur, 50% leyfisgjald og 23½% söluskattur. Hver innflutt eining í verði margfaldast nú með 3,35. Af því fær ríkissjóður um 60%, framleiðandi bílsins um 30%, innflytjandinn 6% og mismunurinn eru tryggingar, flutningskostnaður o. fl.

Litsjónvarpstæki, 22ja tommu, sem kostaði 788.200 krónur kostar nú um 801 þúsund krónur, hækkar um 12 þúsund, þvottavél, sem kostaði 541 þúsund krónur nú 550 þúsund krónur, hækkar um 9 þúsund, kæliskápur, sem kostaði tæplega 404 þúsund krónur nú 410 þúsund krónur, hækkar um rúmlega 6 þúsund, upphvottavél, sem kostaði rúmlega 512 þúsund krónur nú um 520 þúsund, hækkun tæplega 8 þúsund krónur, frystikista, sem kostaði 433 þúsund krónur kostar nú um 440 þúsund, hækkun um 6.500 krónur og myndsegulband, sem kostaði 1.034.400 krónur, kostar nú 1.050.000 krónur, hækkun 15.600 krónur.

Landsvirkjun
dregur úr
orkuskömmmtun

LANDSVIRKJUN ákvað í gærmorgun að draga úr orkuskömmmtun til stórra notenda sem nemur 8 megawöttum. Er skömmmtunin nú 29 megawött en var 37. Að sögn Halldórs Jónatanssonar aðstoðarframkvæmdastjóra Landsvirkjunar standa vonir til þess að orkuskömmmtunin verði alveg úr sögunni um eða uppúr næstu mánaðamótum.

Þessi aukna orkusala til stórfyrirtækja mun koma Álverinu og Áburðarverksmiðjunni til góða. Nemur skömmmtunin til Ísals nú 10 megawöttum en var 16 og skömmmtunin til Áburðarverksmiðjunnar nemur 6 megawöttum en var 8. Skömmmtun til Járnlendiverksmiðjunnar verður áfram 7 megawött og skömmmtun til Keflavíkurflugvallar verður áfram 6 megawött.

Að sögn Halldórs Jónatanssonar hefur vatnsyfirborð Þórisvatns verið óbreytt að undan-

förnu og miðlunarþörf hefur minnkað vegna hlýinda og rigninga á hálendinu. Þá hefur álag vegna almenningsrafveitna minnkað eins og gjarnan gerist á þessum árstíma. Horfur eru á því að vatnsyfirborð Þórisvatns fari frekar hækkandi og rennsli aukist í Þjórsá og Tungnaá. Með þetta í huga taldi Landsvirkjun sér fært að draga nú úr orkuskömmmtun sem nemur 8 megawöttum. Dregið verður úr skömmmtun í áföngum eins og fært þykir.



Frá opnun sýningarinnar Norræn vefjarlist II á Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir:

Fjölmenni við opnun
vefjarlistasýningar

OPNUÐ hefur verið á Kjarvalsstöðum sýningin Norræn vefjarlist II en þetta er í annað sinn sem slík sýning er sett upp hér á landi. Á sýningunni eru 93 listaverk eftir 87 listamenn frá öllum Norðurlöndum.

Sýninguna opnaði Ingvar

Gíslason menntamálaráðherra á laugardag, og einnig flutti ávarp við opnunina Árni Gunnarsson, formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs, en fjölmenni var viðstatt opnunina. Sýningin var vel sótt um helgina og mörg verkanna hafa selzt.

Hún er í báðum sölum Kjarvalsstaða og er þar m.a. myndvefnadur, taubrykk, textílþrykk, batík, ísaumur, rýavefnaður, ofinn skúlptúr og ýmis blönduð tækni. Sýningin er opin daglega kl. 14–22 og lýkur henni 4. maí n.k.



Forsetahjónin voru meðal gesta við opnunina.

Farþegaskattur og lendingargjöld Flugleiða í Luxemburg:
Gjöldin felld niður í þrjú ár

YFIRVÖLD í Luxemburg hafa ákveðið að fella niður farþegaskatta og lendingargjöld af Flugleiðum vegna Atlantshafsflugs félagsins fyrir árin 1979,

1980 og 1981, samkvæmt heimildum sem Morgunblaðið telur áreiðanlegar.

Sigurður Helgason forstjóri Flugleiða kvaðst í

gærkvöldi ekki geta staðfest fréttina.

Sigurður sagði hins vegar, að gjöld þau sem hér um ræddi væru ekki það há, að þau skiptu sköpum fyrir Atlantshafsflugið, þó vissulega væri hér um talverðar fjárhæðir að ræða. Yfirvöld í Luxemburg hefðu hins vegar sýnt því mikinn áhuga, að Flugleiðir héldu áfram að fljúga milli Luxemburgar og Bandaríkjanna, enda væri þar um að ræða eina Vesturheimsflug til landsins, og vegna erfiðleika Flugleiða hefði meðal annars verið rætt um niðurfellingu fyrrnefndra gjalda.

Sigurður kvað Flugleiðir enn skulda hluta þessara gjalda frá árinu 1979, og einnig skulduðu Flugleiðir farþegaskatta og lendingargjöld fyrir þetta ár.

Þá var Sigurður einnig spurður,

hvort stjórn Flugleiða hefði tekið afstöðu til þeirra skilyrða sem ríkisstjórnin setti fyrirtækinu fyrir því að það fengi ríkisábyrgð sem fyrirtækið á inni frá því Alþingi samþykkti ríkisábyrgð Flugleiðum til handa fyrir nokkr-

um árum. Sigurður kvað Flugleiðir ekki hafa tekið afstöðu til skilyrða ríkisstjórnarinnar ennþá, en þau tóku sem kunnugt er meðal annars til endurráðningar flugleiða og að viðhald flugvéla yrði flutt til Íslands.

Alvarlegt slys á
Vesturlandsvegi

UNG stúlka var flutt á sjúkrahús í Reykjavík í gær talsvert mikið slósuð eftir árekstur á Vesturlandsvegi laust eftir hádegi í gær. Slysíð varð skammt frá Skorholti í Melasveit, skammt frá Hafnarmelum við Hafnar-

fjall, er vöruflutningabifreið og jeppabifreið rákust saman.

Dimmt var yfir og mikil snjó-koma er slysið varð. Stúlkan var farþegi í jeppabifreiðinni, sem var á leið til höfuðborgarinnar, en bifreiðin var úr Reykjavík.

Versnandi gjaldeyrisstaða

Nettógjaldeyrisstaða bankanna í lok febrúarmánaðar síðastliðins var 40,3 milljarðar króna, og hafði staðan versnað í febrúar um 3,9 milljarða króna miðað við gengið í lok mánaðarins, að því er Ólafur Tómasson hjá Seðlabankanum tjáði Morgunblaðinu í gær.

Alls hefur gjaldeyrisstaðan hins vegar versnað um 5,2 millj-

arða króna frá áramótum, er nettógjaldeyrisstaða bankanna var 45,5 milljarðar króna.

Febrúarmánuður nú er svipaður og hann var í fyrra, en þá versnaði gjaldeyrisstaðan um 3,9 milljarða króna á samsvarandi gengi, en staðan þá hafði hins vegar aðeins versnað um 2,4 milljarða króna frá áramótum á sama tíma.